

verið felldur úr gildi af æðra dómi, þá verður að álíta, að hann hafi gjörzt sekur í lögleysu að efni til í dómi sínum, og ber því samkvæmt kröfu áfrýjandans að dæma hinn áfrýjanda dóm ómerkan og að vísa málinu heim aptur. Málskostnaður virðist eptir atvikum mega falla niður. Hinum skipaða talsmanni stefnda verða eigi eptir úrslitum málsins dæmd nein málsfærslulaun, en það vottast, að málsfærslan af hans hendi hefur verið lögmet.

Því dæmist rjett að vera:

Hinn áfrýjandi landamerkjadómur á að vera ómerkur og vísað málinu heim aptur. Málskostnaður fellur niður.

Mánudaginn 16. októbermánaðar.

Nr. 37/1893:

Rjettvísinn

gegn

Guðmundi Þórðarsyni.

D ó m u r:

Í máli þessu, sem höfðað var í hjerði gegn hinum ákærða Guðmundi Þórðarsyni, vinnumanni á Ytri-Hrafnabjörgum í Hörðudalshreppi í Dalasýslu, fyrir tilraun til saubapjófnadar, var ákærði með aukarjettardómi Dalasýslu, uppkveðnum 4. apríl þ. á., dæmdur sýkn fyrir kæru rjettvísinnar í málinu, en skyldaður til að greiða allan af málinu gegn honum löglega leiðandi kostnað. En dómi þessum hefur af hálfu hins opinbera verið skotið til yfirdómsins.

Eptir skýrslu ákærða sjálfs, sem í öllum aðalatriðum verður að byggja á, eru málavextir þeir, er nú skal greina: Í fyrra haust kom vinnumaður á Fremri-Hrafnabjörgum með tvær kindur, hvítt hrútlamb og mórauda gimbur, úr fyrstu Skarðsrjett og rak þær heim að Fremri-Hrafnabjörgum, af því að hann hjelt að ákærði ætti þær, og var ákærða sagt til þeirra þegar í stað. Kom hann svo morguninn eptir að Fremri-Hrafnabjörgum og voru honum sýndar kindurnar, en þó að hann sæi þegar í stað, að hann gat ekki átt þær, þá hornmarkaði hann þær með marki sínu — en þær voru eyrnamarkaðar undir — og minntist þó ekkert á það við þá, er sýndu honum kindurnar, að hann ætti þær ekki. Mörkunina þykist hann í málinu ýmist hafa gjört af fljótfærni og óaðgætni, eða til að greiða fyrir kindunum til eigandans. Ekki tók ákærði kindurnar heim með sjer eptir þetta, heldur voru þær látnar fylgja öðru fje, sem þar var, fram á dal. Daginn eptir var leitað til 2. rjettar og var ákærði í leitinni og sá þá þessar 2 kindur. Voru þær þá með fjenu reknar í Seljalandsrjett og tálgaði ákærði þar eða reyndi að tálga hornmarkið af hrútlambinu. Var hann spurður þar í rjettinni, hvort hann ætlaði eigi að draga sjer kindurnar, en hann kvað nei við og sagðist ekki eiga þær, og ljét þær ganga með öðrum úrtíning til aðalrjettarinnar. Meira virðist ákærði ekki hafa skipt sjer af kindum þessum, sem komu í hendur rjettum eiganda skömmu síðar, en þegar fór að kvisast um mörkunina, og að hann hefði ætlað að stela kindunum, fjekk hann bróður sinn til að fara á fund eigandans til að friðmælast við hann eða bjóða honum gjald fyrir að málinu yrði ekki hreift.

Þó að ákærði hafi stöðugt neitað því, að hann hafi ætlað sjer að kasta eign sinni á ofannefndar kindur, sem hann vissi, að hann ekki átti, þá verður þó fyrrgreind mörkun hans á þeim undir sitt mark eigi skoðuð öðruvísi en sem tilraun í þá átt, en þar sem hann virðist hafa hætt við þessa tilraun afsjálfsdádum, verður honum þó eigi hegnt fyrir greint athæfi sitt, sbr. 46. gr. almennra hegningarlaga, 2. málalið. Það ber því að sýkna ákærða fyrir ákæru sóknarans í máli þessu, en rjett þykir þó eptir atvikum, að hann greiði kostnað þann, er af málinu hefur leitt, þar með talin málsfærslulaun til sækjanda og verjanda fyrir yfirdómi, 10 kr. til hvors þeirra.

Rekstur málsins í hjerði hefur verið vítalaus og sókn og vörn í því fyrir yfirdómi lögmæt.

Því dæmist rjett að vera:

Ákærði Guðmundur Þórðarson á að vera sýkn fyrir ákæru sóknarans í máli þessu, þó svo, að hann greiði allan af málinu í hjerði og fyrir yfirdómi löglega leiðandi kostnað, þar með talin málfutningslaun til hins skipaða sækjanda og verjanda fyrir yfirdóminum, yfirrjettarmálaflutningsmanns Páls Einarssonar og cand. jur. Hannesar Thorsteinson, 10 kr. til hvors þeirra.

Dóminum að fullægja undir aðför að lögum.